# 4. bekkur textílmennt

Kennarar: **Ása Árnadóttir** 4

### Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Að fitja upp og prjóna og fella af stykki. Garðaprjón og slétt prjón. Saumavélaæfingar að þræða vélina og spóla á spólu. Beinan saum og sikk sakk, bakka og ganga frá endum.  Búin til útsaumsstykki sem nýtt er í púða sem sauma þarf  utan um í saumavél.

### Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Tilfallandi tæki og tól í textílstofu. Áhersla á endurnýtingu efna og vönduð vinnubrögð. Hugmyndahefti/handavinnublöð og bækur og efni af vefnum s.s. Pinterest og Youtube.

### Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Sýnikennsla og bein kennsla undir leiðsögn. Verklegar æfingar, hugmyndavinna og umræður. Nemendur venjist því að verkefni getur tekið fleiri en eina kennlsustund og nauðsynlegt sé að hugsa til enda það sem byrjað er á.

### Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Frammistaða og virkni í tímum. Samvinna og framkoma við félaga og starfsfólk. Mat á hvort hæfniviðmiðum námsmarkmiða er náð.

### GF textílmennt 1. bekkur - Sköpun, hönnun og útfærsla

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.

### GF textílmennt 4.bekkur - Handverk, aðferðir og tækni

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.
- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

### GF textílmennt 4.bekkur - Menning og umhverfi

- Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.
- Sagt frá nokkrum tegundum textílefna.
- Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.

## NÁMSMARKMIÐ

*Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.*

- Getur búið til eigið munstur

*Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.*

- Getur þrætt nál, bundið hnút og gengið frá enda.

- Leggur sig fram við að læra að prjóna

*Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.*

- Áttar sig á mun á ull og gerfigarni